

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 15. nóvember 2023  
Tilvísun: 202310062 / 3.4

## Efni: Deiliskipulag frístundabyggðar fyrir Vesturbotn, Vesturbyggð

Vesturbyggð hefur, með erindi dags. 19. október 2023, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 21. október 2023. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 21. september 2023, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 22. september 2023, Vegagerðinni dags. 13. september 2023, Minjastofnun Íslands dags. 19. september 2023, og Skógræktinni ódags. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn þann 18. október 2023 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um framkomnar athugasemdir, ódags.

Í deiliskipulaginu felst afmörkun á 131 ha skipulagssvæði fyrir frístundarbyggð á 24 lóðum og 18 holu golfvöll í Vesturbotni.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 10. október 2023 og á uppdrætti í mkv. 1: 5000 dags. 10. október 2023.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi:

- Sýna þarf fjarlægð frá vatni og sækja um undanþágu frá 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar vegna skipulags við vötn, ár og sjó ef þess er þörf.
- Gera þarf grein fyrir og afmarka vatnbóli og verndarsvæði þess á uppdrætti, sbr. gr. 5.3.2.15 skipulagslaga. Ekki er nægilegt að sýna vatnstöku á skýringaruppdrætti sem er ekki bindandi skipulagsskilmálar.
- Golfvellir sem eru a.m.k 18 holur eru tilkynningarskildir til Skipulagsstofnunar skv. 12.07 mgr. 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Afmarka þarf staðsetningu fyrirhugaðs hreinsivirkis á skipulagsuppdrætti.
- Huga þarf sérstaklega að vörnum gegn gróðureldum og fá umsögn Slökkviliðsins í Vesturbyggð, og skilgreina þungatakmarkanir vegna, aðgang að slökkvivatni og björgunarleiðir svæðisins með tilliti til skógræktar m.a. Sjá einnig gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar.
- Bent er á að vegna landhalla getur verið æskilegt að sýna sniðmyndir og sérskilmála vegna mannvirkja þar sem það á við.
- Skipulagsmörk eru ógreinileg á uppdrætti og gera þarf grein fyrir rauðri punktalínu á uppdrætti.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Guðjón Erlendsson

